

undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, svo sem þegar sjúklingar leita til göngudeilda smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.

6. gr.

Á eftir orðunum „opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr.“ í 1. málsl. 18. gr. laganna kemur: heimild til að kveða á um læknisrannsókn eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1978, um ónæmisáðgerðir.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um að 1. másl. skuli einnig eiga við um fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski eða heilfrysting rækju.

2. gr.

Í stað orðanna „eða vinnsluskipi“ í 1. mgr. 26. gr. laganna kemur: vinnsluskipi eða frystiskipi, sbr. 2. másl. 3. mgr. 22. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni M. Mathiesen.